

Leiðarvísir fyrir fagaðila í raunfærnimati

Fjóla María Lárusdóttir og Haukur Harðarson



Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Lög og reglugerðir.....	5
Raunfærnimat.....	8
Raunfærnimatsferlið.....	10
Hlutverk og færni fagaðila.....	28
Hlutverk hagsmunaaðila.....	32
Gæðamál.....	33
Lokaorð.....	34
Heimildir.....	35

Þessum leiðarvísí er ætlað að vera liður í þjálfun þeirra sem sinna raunfærnimati (verkefnastjórar, matsaðilar og ráðgjafar). Hann byggist á því raunfærnimatsferli sem þróað hefur hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við hagsmunaaðila frá árinu 2004.

Við þróun efnisins hafa ýmsar heimildir verið nýttar frá öðrum löndum sem og Evrópusambandinu þar sem ferli og aðferðir í raunfærnimati hafa verið þróaðar með áherslu á gæðamál.

Inngangur

Síðustu áratugi hefur mat á raunfærni verið í mikilli þróun víðsvegar um Evrópu sem liður í því að efla þekkingarstig þjóðanna. Mat á raunfærni er í auknum mæli álitið vera lykilatriði til að efla þátttöku í símenntun og hafa mörg Evrópulönd lagt áherslu á að draga fram og viðurkenna það nám sem á sér stað utan hins formlega skólakerfis, t.d. á vinnustöðum, í frítíma sem og í gegnum fjölskyldu- og einkalíf (CEDEFOP, 2009)¹. Áhersla Evrópu-sambandsins (European Commission, 1995)² á hugtakið símenntun (lifelong learning) í stað menntunar (education) er beintengd þeim öru breytingum sem eiga sér stað á vinnumarkaði í dag. Í stað þess að mennta sig „í eitt skipti fyrir öll“ eins og tíðkaðist, er það nú hverjum og einum nauðsynlegt að bæta stöðugt við sig þekkingu. Sú færni sem einstaklingurinn öðlast í gegnum óformlegt og formlaust nám er einnig talin nauðsynleg fyrir hámarks frammistöðu á vinnumarkaði sem og hvað varðar félagslega virkni (Managing European diversity in lifelong learning, 2007)³. Virkni einstaklingsins í eigin símenntun er lykilatriði fyrir aðgengi hans að störfum og almenna stöðu hans á vinnumarkaði. Mat á raunfærni styður við virka símenntun sem aðferð sem aðstoðar einstaklinginn við að gera færni sína sýnilega og fá hana viðurkennda þannig að hægt sé að þróa hana áfram í gegnum nám eða störf. Þannig fær einstaklingurinn tækifæri til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Hér á landi hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verið falið það verkefni að þróa raunfærnimat á Íslandi í gegnum þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Þar segir m.a. að verkefnið felist í því „að þróa aðferðir við mat á óformlegu námi og námsárangri í samvinnu við menntamálaráðuneytið, atvinnulífið og fræðsluaðila ásamt því að þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga. FA skal vinna með menntamálaráðuneytinu að stefnumótun, uppbyggingu kerfis og prófun á því bæði fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun svo og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði.“

Þróun málaflokksins hófst árið 2004 með upplýsingaöflun um reynslu annarra þjóða af raunfærnimati. Tilraunaverkefni voru unnin með hagsmunaaðilum árin 2004-2007 í því skyni að þróa ferli sem byggði á íslenskum reynsluheimi og var því ferli lýst í bæklingnum *Raunfærni-Raunfærnimat* (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2006) sem ætlaður er samstarfsaðilum í raunfærnimati.

¹ CEDEFOP, 2009. European Guidelines on Validation of Non-Formal and Informal Learning.

² European Commission, 1995. White Paper on Education and Training – Teaching And Learning, Towards the Learning Society, Brussels, COM (95) 590.

³ Duvekot, R., Scanlon, G., Charraud, A.M., Schuur, K., Coughlan, D., Nilsen-Mohn, T., Paulusse, J. and Klarus, R. (eds.) (2007). Managing European diversity in lifelong learning. The Many Perspectives of the Valuation of Prior Learning in the European Workplace. HAN University, Foundation EC-VPL & Hogeschool van Amsterdams.

Á vordögum 2007 voru sendar fyrstu stefnumarkandi tillögur til menntamálaráðuneytisins um tilhögun raunfærnimats á Íslandi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði í kjölfarið starfshóp til að fjalla um tillögurnar og framgang þeirra. Mótaðar voru úthlutunarreglur vegna raunfærnimats og gerðir samningar um framkvæmd raunfærnimatsverkefna við samstarfsaðila FA. Áhersla var frá upphafi lögð á raunfærnimat í hópum fyrir þá sem byggt hafa upp færni sína í atvinnulífinu. Metið er til styttingar á námi í framhaldsskóla, en einnig hafa verið framkvæmd tilraunaverkefni á mótum hæfnikröfum starfa.

Árið 2008 komu út endurskoðuð lög um framhaldsskóla og þar kemur fram að sá sem innritist í framhaldsskóla eigi rétt á því að raunfærni hans sé metin. Í lögum um framhaldsfræðslu sem voru samþykkt árið 2010 og reglugerð sem fylgir í kjölfarið árið 2011 öðlaðist raunfærnimat lagaramma og í reglugerðinni er fjallað um markmið, inntak og framkvæmd raunfærnimats. Með þessum lögum má segja að tilraunaferli raunfærnimats hafi lokið og niðurstöður úr raunfærnimati hafi nú sama gildi og niðurstöður náms úr formlega skólakerfinu. Lög og reglugerð styðja við þróun gæðamála, og auka samræmi í framkvæmd.

Hlutverk FA í raunfærnimati er aðallega miðlun aðferðafræði, samhæfing, þjálfun þeirra sem sinna raunfærnimati, söfnun tölfræðiupplýsinga og almenn ráðgjöf í ferlinu. Aðilar sem sinna raunfærnimati þurfa að vera gæðavottaðir í gegnum EQM gæðavottunarferlið sem FA heldur utan um í samstarfi við óháðan matsaðila.

Til að raunfærnimat megi vaxa og dafna í samfélaginu í samstarfi þeirra hagsmunaaðila sem því tengjast hverju sinni skiptir verulegu máli að raunfærnimatsferli sé ávallt unnið eftir settum gæðaviðmiðum sem tryggja áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna. Evrópusambandið hefur þróað leiðbeiningar sem styðjast má við í þessu samhengi (CEDEFOP, 2009), þar sem meðal annars er bent á mikilvægi þess að þeir sem eru fagaðilar (verkefnastjóri, matsaðili og ráðgjafi) í raunfærnimatsferlinu fái viðeigandi þjálfun. Mikilvægt er að fagaðilar fái þjálfun áður en þeir hefja vinnu við raunfærnimat. Það er liður í að tryggja gæði ferlisins.

Þessum leiðarvísi er ætlað að vera liður í þjálfun þeirra sem sinna raunfærnimati og byggir á því raunfærnimatsferli sem þróað hefur verið hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins í samstarfi við hagsmunaaðila og lýst er í bæklingnum *Raunfærni-Raunfærnimat* (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2006). Við þróun efnisins hafa ýmsar heimildir verið nýttar frá öðrum löndum sem og Evrópusambandinu þar sem ferli og aðferðir í raunfærnimati hafa verið þróaðar með áherslu á gæðamál.

Lög og reglugerðir

Árið 2010 komu út lög um framhaldsfræðslu og tekur hluti af þeim til raunfærnimats og hverjir eiga rétt á að fara í raunfærnimat. Í desember árið 2011 kom síðan út reglugerð um framhaldsfræðslu. Hún tekur meðal annars til viðurkenningar fræðsluaðila, vottun námskráa og raunfærnimats.

Lög um framhaldsfræðslu 2010/27

Meginmarkmið laga um framhaldsfræðslu eru:

- a. að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu,
- b. að veita einstaklingum á vinnumarkaði með stutta formlega skólagöngu að baki viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju,
- c. að gefa einstaklingum færi á að efla starfshæfni sína og efla ábyrgð þeirra í því tilliti,
- d. að skapa svigrúm og úrræði til að mæta þörfum atvinnulífsins fyrir aukna þekkingu og hæfni starfsmanna,
- e. að veita einstaklingum sem búa við skerta möguleika til náms eða atvinnuþátttöku framhaldsfræðslu þar sem tekið er mið af ójafnri stöðu þeirra og hæfni,
- f. að afla viðurkenningar á gildi náms sem fellur utan hins formlega framhaldsskóla- og háskólakerfis,
- g. að stuðla að því að nám og reynsla sem aflað er utan hins formlega skólakerfis verði metin að verðleikum og
- h. að efla menntunarstig í landinu og íslenskt menntakerfi

Raunfærnimat getur hjálpað til að ná fram flestum ef ekki öllum þessum markmiðum og í áttundu grein laganna um framhaldsfræðslu er fjallað um rétt einstaklinga til að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin og um rétt á náms- og starfsráðgjöf.

- þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu og kjósa að leggja stund á nám sem skipulagt er á grundvelli laga þessara eða laga um framhaldsskóla eiga rétt á að einstaklingsbundin raunfærni þeirra sé metin. Matið fer fram samkvæmt reglum sem ráðherra setur um raunfærnimat og tilhögun þess.
- þeim sem hyggjast leggja stund á nám sem uppfyllir skilyrði laga þessara stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf. Ráðherra er heimilt að setja reglur um náms- og starfsráðgjöf samkvæmt grein þessari.

Reglugerð um framhaldsfræðslu 1163/2011

Reglugerðin sem fylgdi í kjölfar laganna í desember 2010 snýr að þrem þáttum, viðurkenningu fræðsluaðila, vottun námskrá og raunfærnimats. Hún skýrir verkferla og kröfur á þá sem taka að sér framkvæmd raunfærnimats, bæði hvað varðar einstaka verkþætti og á ábyrgð þeirra sem taka að sér að stýra raunfærnimatsverkefnum.

Mikilvægi reglugerðarinnar felst í að skýra framkvæmd og undirbyggja gæðakröfur varðandi framkvæmd. Hún tekur einnig af allan vafa um hvað raunfærnimat er og að raunfærnimat er jafngild leið til að votta hæfni og formlegt nám. Hér á eftir er farið yfir einstakar greinar í reglugerðinni en hana má einnig finna á <http://www.reglugerd.is>

Ellefta grein reglugerðarinnar fjallar um rétt til mats og tilgang með því. Fyrri hluti greinarinnar er að mestu samhljóða áttundu grein laganna en seinni hluti greinarinnar fjallar um tilgang raunfærnimats.

Markmið raunfærnimats gr.11

Þeir sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki eða hafa ekki lokið námi á framhaldsskólastigi skulu eiga þess kost að fá metna alhliða reynslu sem aflað hefur verið á ýmsum vettvangi. Þeim sem hyggjast stunda nám sem uppfyllir skilyrði laga um framhaldsfræðslu stendur til boða einstaklingsbundin náms- og starfsráðgjöf.

Matið getur verið í þrennum tilgangi:

- að gera fólki kleift að ljúka tilteknu námi á framhaldsskólastigi; matið miðast við hæfnikröfur viðkomandi námskrár,
- að auka starfsfærni á vinnumarkaði, matið miðast við skilgreindar þarfir ákveðinna starfa,
- að vera viðkomandi hvatning til þess að hefja nám að nýju og/eða styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

Tólfta greinin tekur til þess að raunfærnimat sé skipulagt og formlegt ferli. Þetta er mikilvægur liður, því á tilraunatímabilinu komu fram tilburðir til að stytta ferlið, taka út einstaka þætti þess og kalla það raunfærnimat. Einnig eru sett lágmark um aldur og starfsreynslu en mikilvægt er að hafa í huga að inntökuskilyrði taka mið af umfangi og eðli viðmiða sem eru til mats hverju sinni.

Inntak mats gr. 12

Raunfærnimat er skipulegt ferli þar sem með formlegum hætti er lagt mat á alhliða þekkingu og færni einstaklings. Matið getur byggst á skólagöngu, starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, framhaldsfræðslu, félagsstörfum og lífsreynslu viðkomandi.

Raunfærnimat er einkum ætlað fólki sem hefur verið á vinnumarkaði í a.m.k. þrjú ár og náð tuttugu og þriggja ára aldri að lágmarki. Viðkomandi skal hafa aflað sér þekkingar, leikni og hæfni á tilteknu sviði sem nýst getur í námi til lokaprófs eða til skilgreindra starfa á vinnumarkaði. Sá sem sækir um raunfærnimat skal leggja fram nauðsynleg gögn sem styðja umsóknina, svo sem yfirlit yfir nám og störf. Fagaðilar útfæra nánari viðmið fyrir hverja grein um sig.

Þrettánda grein fjallar um hverjir geti verið framkvæmdaaðilar, kröfur á fagaðila, stofnun stýrihóps og ábyrgð hans. Fjallað er um umgjörð raunfærnimatsins og þar eru taldir upp hvaða þætti ferli þarf að uppfylla til að kallast raunfærnimat.

Framkvæmd raunfærnimats gr. 13.

Raunfærnimat fer fram á vegum viðurkenndra fræðsluaðila sem starfa á grundvelli laga um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eða laga um framhaldsskóla nr. 92/2008. Fagaðilar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Viðurkenndir fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skulu koma á laggirnar sérstökum stýrihópi sérfróðra aðila fyrir hverja námsgrein, námsleið, starfsgrein eða starfsgreinaflokk með þátttöku náms- og starfsráðgjafa, fagkennara og fulltrúa úr atvinnulífinu. Hópurinn ber sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og/eða í skólakerfi óháð staðsetningu.

Raunfærnimat felur í sér skipulagt ferli sem skiptist í eftirfarandi þætti:

Umgjörð

- a) undirbúningur: samráð og samstarf við helstu hagsmunaaðila greinarinnar sem raunfærnimatið fer fram í, varðandi viðmið, aðferðafræði, markhópin og framkvæmd raunfærnimatsins;
- b) upplýsingar og endurgjöf: væntanlegir þátttakendur fá upplýsingar um raunfærnimatsferlið og mögulegar niðurstöður úr því. Tryggt er að þátttakendur fái skýra endurgjöf á stöðu sína meðan á ferlinu stendur sem og viðeigandi ráðgjöf.

Framkvæmd

- c) skimun: lagt er mat á stöðu umsækjanda miðað við kröfur sem gerðar eru og líkindi þess að hann eigi erindi í raunfærnimat;
- d) skráning færni: þátttakendur skrá raunfærni sína undir handleiðslu ráðgjafa í þar til gerða færnimöppu. Fagaðili/fagaðilar leiðbeina þátttakendum við sjálfsmat út frá settum viðmiðum í faginu;
- e) greining og staðfesting færni: Matsaðili/matsaðilar meta almenna og sértæka færni þátttakanda í samtali þar sem stuðst er við færnimöppu og sjálfsmatslista viðkomandi. Við raunfærnimat er gengið út frá viðmiðum starfsgreinar og byggt á fjölbreyttum aðferðum. Matsaðferðir miðast við þarfir þátttakanda;
- f) mat og viðurkenning á raunfærni: metin raunfærni þátttakanda er skjalfest og vottuð af fræðsluaðilum.

Fjórtánda grein reglugerðarinnar fjallar um skil á niðurstöðum, varðveislu og gildi þeirra. Þar kemur m.a. fram staðfesting á jafngildingu raunfærnimats við formlegt nám.

Niðurstöður raunfærnimats 14. gr.

Umsækjandi fær í hendur skriflega niðurstöðu raunfærnimats og ráðgjöf um næstu skref. Niðurstöður raunfærnimats skulu vera jafngildar á milli fræðsluaðila á framhaldsskóla- og framhaldsfræðslustigi. Fræðsluaðilar skulu skila niðurstöðum raunfærnimats til mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða aðila sem það felur umsýslu verkefnisins. Niðurstöður raunfærnimats eru skráðar í gagnagrunn á vegum stjórnvalda. Með þeirri skráningu er óformlegt nám og starfsreynsla metið til jafns við formlegt nám. Fræðsluaðili sem annast mat á raunfærni skal geta rökstutt niðurstöðu sína með vísan til varðveittra gagna ef eftir er leitað.

Fimmtánda greinin snýr að rétt einstaklings til endurmats og meðhöndlun slíkra beiðna. Eðlilegt er að stýrihópur sem fjallað er um í 13. gr. komi að úrvinnslu slíkra beiðna.

Endurmat. 15 gr.

Þátttakandi í raunfærnimati á rétt á að fá niðurstöðu þess endurmetna hjá þeim fræðsluaðila sem ábyrgð ber á matinu og þarf að styðja slíka beiðni ítarlegum viðbótargögnum. Ábyrgðaraðili lætur fara fram endurskoðun á fyrri niðurstöðu raunfærnimats og tilkynnir þátttakanda um niðurstöðu.

Raunfærnimat

Raunfærni er samanlögð færni sem einstaklingur hefur náð með ýmsum hætti, s.s. starfsreynslu, starfsnámi, frístundanámi, skólanámi, félagsstörfum og fjölskyldulífi.

Nám fer fram víðar en í formlega skólakerfinu. Á vinnustöðum fer fram nám þar sem starfsfólk þjálfar sig í að ná færni í þeim viðfangsefnum sem starfið felur í sér. Margir hafa áralanga færniþjálfun að baki í ákveðnu fagi, en hafa ekki fengið hana skjalfesta á formlegan máta líkt og gert er þegar þjálfunin á sér stað í skóla.

Mat á raunfærni byggir á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur í alls konar aðstæðum og samhengi og að allt nám sé verðmætt. Mikilvægt er að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Mat á raunfærni fjallar því mikið til um að breyta raunfærni í formlega færni, þ.e. að einstaklingar fái "pappír" upp á það, sem þeir kunna í raun og veru.

Ástæða þess að unnið er svo öflugt þróunarstarf varðandi raunfærnimat víða í Evrópu er, að nám utan hins formlega skólakerfis er talið geta leitt til þróunar á færni sem er sambærileg þeirri færni sem næst með formlegu námi. Með því að viðurkenna þá raunfærni sem einstaklingurinn sannanlega býr yfir er komið í veg fyrir að hann eyði tíma sínum í eitthvað sem hann nú þegar kann. Í því felst einnig sparnaður fyrir samfélagið.

Ég var alltaf að leita að einhverju til að koma mér af stað. Ef þetta hefði ekki komið til þá get ég ekki séð að ég hafi farið í nám. Ég hefði bara kokað á því, já ég er alveg viss um það....ég held að ég hafi aldrei farið og klárað námið ef ég hefði ekki farið í gegnum raunfærnimatið, ég held að það sé alveg öruggt. Þetta er svona stuðningur og klapp sem maður þurfti.

Tilvitnun í Pál - úr MA ritgerð Auðar Sigurðardóttir *Að stíga skrefið í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*, 2010.

Þeir einstaklingar sem koma í raunfærnimat hafa margir hverjir óhefðbundna námsnálgun og hafa sumir margreynt sig í skóla, en þurft að hverfa brott og sjá á bak námsmarkmiðum sínum. Í gegnum þau verkefni sem unnin hafa verið hérlandis eftir því ferli sem þróað hefur verið hjá FA, hefur komið í ljós að margir þeirra þátttakenda sem ganga í gegnum raunfærnimatsferlið einsetja sér að því loknu að ljúka námi í sínu fagi.

Þetta á sérstaklega við um raunfærnimatsferli þar sem nám í kjölfar mats er skipulagt sérstaklega fyrir þá hópa sem fara í gegnum matið. Raunfærnimatið, sérsniðið nám út frá kennslufræði fullorðinna, ásamt mikilvægum stuðningi í ráðgjöf, getur verið öflugur hvati til náms.



Reynslan hér á landi og erlendis hefur einnig leitt í ljós að þátttakendur í raunfærnimati eru ekki síðri námsmenn, m.a. vegna þess að í gegnum ferlið öðlast einstaklingarnir aukna trú á eigin getu og virkja með sér áhuga og vilja til að ljúka námi. Einnig hafa kennarar haft á orði að þessir nemendur hafi jákvæð áhrif á „menningu“ innan skólanna og tengi þá betur við vinnumarkaðinn.

Raunfærnimat er staðfesting og mat á raunfærni einstaklings án tillits til þess hvernig eða hvar hennar hefur verið aflað.

Markmiðið er að einstaklingur fái viðurkennda raunfærni, sem hann býr yfir á ákveðnum tíma, þannig að hann þurfi ekki að sækja nám í því sem hann kann eða öðlist framgang í starfi.

!

Raunfærnimatsferlið

Hér á landi hefur verið unnið markvisst að raunfærnimeti til styttingar á námi á framhaldsskólastigi. Matið fer fram í hópum, þar sem einstaklingar með reynslu á sama sviði fara í raunfærnimat í ákveðinni grein. Algengur fjöldi í hópi hefur verið um 20 manns.

Sem dæmi má nefna að IDAN fræðslusetur hefur haldið utan um raunfærnimat fyrir þá sem hafa fengið óformlega færniþjálfun í byggingargreinum í samstarfi við FA, Samiðn og Tækniskólann - skóla atvinnulífsins. Í slíkum verkefnum er settur verkefnisstjóri sem stýrir verkefninu í samráði við þá hagsmunaaðila sem mikilvægt er að taki þátt í þróun ferlisins og séu samþykkir því þannig að niðurstöður þess mats sem þátttakendur fá í hendur sé í raun tekið gilt í samfélaginu.

Undirbúningur

Hvert raunfærnimatsverkefni þarf að undirbúa af kostgæfni, m.a. í gegnum samráð og samvinnu við hagsmunaaðila. Heildarmynd verkefnisins þarf að liggja fyrir áður en það er kynnt fyrir væntanlegum þátttakendum. Þegar um nýja grein er að ræða þarf að setja á stýrihóp sem samanstendur af viðeigandi hagsmunaaðilum tengdum því fagi sem um ræðir, sem og verkefnisstjóra sem þekkir til raunfærnimats og hefur hlotið þjálfun í framkvæmd þess. Stýrihópurinn þarf að eiga reglulega fundi í upphafi verkefnis þar sem farið er yfir inntak raunfærnimats, ramma þess og skipulag.

Stýrihópurinn þarf m.a. að komast að samkomulagi um eftirtalin atriði áður en einstaklingar eru boðaðir á kynningarfund:

- **Meginmarkmið verkefnis**
- **Markhóp verkefnis**
- **Inntökuskilyrði**
- **Fjármögnun**
- **Á móti hvaða hæfniviðmiðum skuli metið**
- **Hvort vinna þurfi með hæfniviðmið**
- **Hverjir sinna ráðgjöf við færnisráðningu sem og almennri náms- og stafráðgjöf fyrir þátttakendur?**
- **Hvaða matsaðilar meta þátttakendur?**
- **Hvernig á að ná saman þátttakendum?**
- **Tímaramma verkefnis**
- **Skráningu á niðurstöðum raunfærnimats**
- **Hvaða leiðir eru opnar eftir raunfærnimat t.d. til að ljúka námi**

Frá upphafi verkefnis er mikilvægt að fylgja því viðmiðunarferli sem þróað hefur verið hér á landi, sem og *Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni (2009 og 2015, CEDEFOP)*

þróðum af CEDEFOP, Starfsmenntastofnun ESB. FA veitir aðstoð við undirbúning verkefna eftir þörfum.

Afar mikilvægt er að stýrihópur verkefnisins hafi unnið sína undirbúningsvinnu (sjá gátlista fyrir stýrihóp á vef FA) áður en raunfærnimatsferlið sjálf fer af stað.

Einnig þarf að sjá til þess að allir hafi fengið viðeigandi þjálfun í raunfærnimati. Hverjum þætti í ferlinu ber að fylgja vel eftir þegar unnið er í raunfærnimati, annars er hætt á því að matið verði hvorki áreiðanlegt né sanngjarnt.

- Gátlista fyrir stýrihóp í raunfærnimati má finna á vef FA
- Gátlista fyrir verkefnastjóra má finna á vef FA



Undirbúningur og samstarf ræður miklu um hvernig til tekst með framkvæmd raunfærnimats.

Viðmið í mati

Til að auðvelda mat á raunfærni til styttingar náms á framhaldsskólastigi þarf að útbúa sjálfsmatslista á grundvelli þeirra námskráa sem gildar eru í hverju fagi. Í sjálfsmatslistunum er leitast við að setja viðmið fagsins fram á mælanlegan og skýran máta til notkunar í raunfærnimatinu. Það er í samræmi við stefnu Evrópusambandsins um „outcome based learning“ (Towards a European Qualification System in Lifelong Learning, Commission of the European Communities, 2005). Með því að leggja áherslu á mælanlegar niðurstöður náms eða hæfniviðmið (learning outcomes) við framsetningu viðmiða má auðvelda mat á raunfærni. Þannig er færnin sjálf sett í brennidepil án tillits til hvar eða hvernig hennar var aflað. Skilgreining CEDEFOP á hugtakinu er eftirfarandi:

Learning outcomes are statements of what a learner is expected to know, understand and/or be able to do at the end of a period of **learning**.

Fara þarf vandlega yfir námskrá og gera þau hæfniviðmið sem eru óljós eða mjög huglæg mælanlegri með áherslu á birtingarform þeirrar færni sem sóst er eftir. Áður en raunfærnimatsverkefni er sett af stað er því lögð vinna í að útbúa sjálfsmatslista sem byggir á viðmiðum fagsins, þar sem einstaklingurinn getur tengt hæfni sína við mælanleg hæfniviðmið og gert hana þannig sýnilega.


Mikilvægt er að slíkur sjálfsmatslisti sé samþykktur af viðeigandi hagsmunaaðilum og aðgengilegur öllum þeim sem heimild fá til að meta raunfærni innan tiltekinnar greinar. FA heldur saman öllum sjálfsmatslistum sem gerðir eru til raunfærnimats og eru þeir aðgengilegir öllum þeim sem heimild hafa til að framkvæma raunfærnimat.

Þjálfun fagaðila

Fagaðilar eru þeir sem sjá um að framkvæma raunfærnimatið sjálft. Þeir eru verkefnisstjórar í raunfærnimatsverkefnum, ráðgjafar og matsaðilar (sérfræðingar í viðkomandi fagi).

Mikilvægt er að fagaðilar fái viðeigandi þjálfun áður en þeir hefja vinnu við raunfærnimatsverkefni. Þannig er stuðlað að áreiðanlegum og samræmdum vinnubrögðum í ferlinu, svo að ekki sé misræmi í framkvæmd eftir því hver sinnir raunfærnimatsverkefni. Þjálfun fagaðila er lykilatriðið hvað varðar gæði raunfærnimats.

Í reglugerð um framhaldsfræðslu 1163/2011 stendur: Fagaðilar sem annast raunfærnimat skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Fræðslusjóður, sem fjármagnar raunfærnimatsverkefni á vettvangi framhaldsfræðslunnar gerir jafnframt þá kröfu. Lögð er mikil áhersla á þjálfunarþáttinn og að allir þeir sem koma að framkvæmd hafi yfirsýn yfir allt ferlið sem notað er við raunfærnimat. Það er ein grundvallar forsenda varðandi hversu vel hefur tekist til með raunfærnimatsverkefni hingað til.



Yfirlit raunfærnimatsferlis

Þessi ferillýsing er myndræn framsetning á kröfum sem koma fram í reglugerð um framhaldsfræðslu 1163. Þar er að finna eftirfarandi lýsingu á umgjörð og framkvæmd.

Umgjörð

- a) undirbúningur: samráð og samstarf við helstu hagsmunaaðila greinarinnar sem raunfærnimatið fer fram í, varðandi viðmið, aðferðafræði, markhópin og framkvæmd raunfærnimatsins;
- b) upplýsingar og endurgjöf: væntanlegir þátttakendur fá upplýsingar um raunfærnimatsferlið og mögulegar niðurstöður úr því. Tryggt er að þátttakendur fái skýra endurgjöf á stöðu sína meðan á ferlinu stendur sem og viðeigandi ráðgjöf.

Framkvæmd

- c) skimun: lagt er mat á stöðu umsækjanda miðað við kröfur sem gerðar eru og líkindi þess að hann eigi erindi í raunfærnimat;
- d) skráning færni: þátttakendur skrá raunfærni sína undir handleiðslu ráðgjafa í þar til gerða færnimöppu. Fagaðili/fagaðilar leiðbeina þátttakendum við sjálfsmat út frá settum viðmiðum í faginu;
- e) greining og staðfesting færni: fagaðili/fagaðilar meta almenna og sértæka færni þátttakanda í samtali þar sem stuðst er við færnimöppu og sjálfsmatslista viðkomandi. Við raunfærnimat er gengið út frá viðmiðum starfsgreinar og byggt á fjölbreyttum aðferðum. Matsaðferðir miðast við þarfir þátttakanda;
- f) mat og viðurkenning á raunfærni: metin raunfærni þátttakanda er skjalfest og vottuð af fræðsluaðilum.

Í ljósi reynslunnar hefur sífellt meiri áhersla verið lögð á vandaðan undirbúning og eftirfylgni að loknum verkefnum. Undirbúningur í nýjum greinum snýr ekki síst að samvinnu og aðkomu hagsmunaaðila. Eftirfylgni að loknu raunfærnimati felst í flestum tilvikum í því að fylgjast með hvort þátttakendur nýta sér möguleika á því námi/færniuppbyggingu sem býðst og leiðbeina þeim í því ferli. Eftirfylgni er eitt af hlutverkum ráðgjafa / náms- og starfsráðgjafa í ferlinu.

1. Upplýsingar og skimun

Upplýsingaþáttur raunfærnimatsverkefna er í raun tvíþættur. Í fyrsta lagi eru það upplýsingar sem veittar eru einstaklingnum í upphafi ferlis og stuðla að því að hann geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku í því. Í öðru lagi er það stöðug upplýsingagjöf í öllu ferlinu sem gengur út á að einstaklingurinn fái reglulega endurgjöf um stöðu sína og það sem framundan er. Gagnsæi er lykilorð í þessu samhengi.

Þegar verkefnið hefur verið auglýst á meðal mögulegra þátttakenda er áhugasömum boðið á kynningarfund þar sem veittar eru upplýsingar um raunfærnimatsferlið og tímaramma í verkefninu. Staðlaða glærukynningu um ferlið má nálgast hjá FA og samstarfsaðilum. Bæklingnum Raunfærni-Raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins) og öðrum tengdum gögnum er dreift. Á kynningarfundinum er leitast við að gefa eins ítarlegar upplýsingar um verkefnið og mögulegt er svo að einstaklingar geti tekið upplýsta ákvörðun um þátttöku.

Leitast skal við að svara eftirfarandi spurningum:

- **Hvað er átt við með orðinu raunfærni?**
- **Hvað felst í raunfærnimatsferlinu?**
- **Hvaða þátttökuskilyrði eru sett?**
- **Hvað þarf ég að gera sem þátttakandi?**
- **Hversu langan tíma tekur verkefnið?**
- **Hversu mikinn tíma þarf ég að leggja í verkefnið?**
- **Hvers ber að vænta af verkefninu?**
- **Hver er ávinningur minn af verkefninu?**
- **Hver er réttur minn?**
- **Hverjir koma að verkefninu?**
- **Hverjir koma til með að meta raunfærni mína?**
- **Hvað kostar verkefnið mig?**

!

Verkefnisstjóri, ráðgjafar og matsaðilar undirbúa kynningarfundinn í sameiningu. Æskilegt er að þeir hagsmunaaðilar sem standa að verkefninu mæti einnig á kynningarfundinn. Oftast hefur það verið verkefnisstjóri sem setur kynninguna og fer yfir markmið verkefnisins. Verkefnisstjóri eða ráðgjafi kynnir raunfærnimatsferlið og matsaðili fer yfir námsbrautina/viðmið sem notuð verða í matinu. Mikilvægt er að allir aðilar séu reiðubúnir að svara spurningum frá þátttakendum.

Í lok fundar eru einstaklingar hvattir til að skrá sig í viðtal hjá ráðgjafa á þar til gert eyðublað. Skráð er símanúmer og/eða netfang. Viðtalið hjá ráðgjafa er einskonar skimunarviðtal þar sem veittar eru nánari upplýsingar um ferlið og einstaklingurinn fær tækifæri til að ígrunda hvort það henti honum samhliða ráðgjöf um nám og störf ef það á við.



Dæmi um dagskrá kynningarfundar:

1. Opnun

Þátttakendur boðnir velkomnir. Farið yfir aðdraganda, tilgang verkefnis og dagskrá fundar.

2. Kynning á raunfærnimatsferlinu

Raunfærnimat skilgreint ásamt hverju skrefi fyrir sig í raunfærnimatinu. Hlutverk fagaðila og þátttakenda rætt. Áhersla lögð á að þátttakendur nýti sér náms- og starfsráðgjöf í ferlinu.

3. Viðmið í matinu

Farið yfir þau viðmið sem notuð verða við mat á raunfærni og hvernig niðurstöður verða skráðar að því loknu. Kynntar leiðir til áframhaldandi náms í kjölfar raunfærnimats.

4. Spurningar og svör

5. Skráning í viðtal hjá ráðgjafa

Hverjir: Verkefnisstjóri, ráðgjafi, fagaðilar

Stuðningsgögn á kynningu:

- Glærukynning um raunfærnimat
- Bæklingurinn Raunfærni-raunfærnimat (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins)
- Matslistar sem sýna þau hæfniviðmið sem meta á út frá
- Upplýsingar um hvernig hægt er að ná sambandi við verkefnisstjóra og ráðgjafa / náms- og starfsráðgjafa
- Eyðublað: Skráning í viðtal hjá ráðgjafa

Skimunarviðtal hjá ráðgjafa

Ráðgjafi verkefnisins hefur samband við þá sem skráðu sig í viðtal á kynningarfundum og boðar hvern og einn í viðtal. Mikilvægt er að sem flestir þeirra sem sóttu kynningarfund nýti þetta tækifæri til að fara yfir stöðu sína og væntingar til raunfærnimatsins. Í viðtalinu er lögð áhersla á að draga fram bakgrunn einstaklingsins, áhuga hans og möguleika á þátttöku í raunfærnimatsverkefninu.

Ef einstaklingur hefur áhuga á því að taka þátt í verkefninu, en getur það ekki einhverra hluta vegna að þessu sinni (t.d. ef viðkomandi stenst ekki inntökuskilyrði, orðið er fullt í hópnum eða vegna aðstæðna), er mikilvægt að veita hvatningu og ráðgjöf um aðra kosti í stöðunni (önnur hentug námstækifæri). Með því er öllum sem sína raunfærnimati áhuga veitt einstaklingsmiðuð náms- og starfsráðgjöf þar sem þeir fá hvatningu og ráðgjöf til áframhaldandi færniuppbyggingar og þátttöku í símenntun.

Dæmi um áherslur í viðtali hjá ráðgjafa:

- Fara yfir náms- og starfsferil einstaklingsins (bakgrunn, áhugamál)
- Kynna nánar raunfærnimatið
- Uppfyllir viðkomandi inntökuskilyrði verkefnis?
- Viðhorf og væntingar til raunfærnimats
- Kanna aðstæður viðkomandi og námsstíl
- Komast að niðurstöðu um þátttöku í raunfærnimatsverkefninu eða önnur markmið og úrlausnir
- Ef þátttaka í raunfærnimati er niðurstaða skimunarsamtals er einstaklingurinn upplýstur um næstu skref; undirbúning og söfnun gagna fyrir færnisráningu

Hverjir: Ráðgjafi



Stuðningsgögn í viðtali:

- Nánari upplýsingar um raunfærnimatsverkefnið (t.d. tímarammi)
- Skimunarlistar
- Sýnishorn af gögnum sem þátttakendur nota í raunfærnimati
- Uppbygging námsins (s.s. áfangar)
- Gögn sem staðfesta að inntökuskilyrði séu uppfyllt (s.s. lífeyrissjóðsyfirlit/ námssamningur eftir ákvörðun stýrihóps)
- Lýsing á undirbúningi fyrir færnisráningu (t.d. söfnun staðfestingargagna)
- Gögn um aðrar leiðir til áframhaldandi færniuppbyggingar

2. Skráning á færni

Skráning á færni er ein af meginforsendum þess að sanngjarnt og áreiðanlegt raunfærnimat geti átt sér stað.

Í skráningarferlinu fær einstaklingurinn tækifæri til að líta yfir farinn veg undir handleiðslu ráðgjafa og draga fram þá raunfærni sem hann hefur í farteskinu. Þessum þætti þarf að gefa gott svigrúm og þurfa einstaklingar að geta haft greiðan aðgang í einstaklingsviðtöl hjá ráðgjafa meðan á ferlinu stendur.



Við skráningu er notað Færniskráningarform eða Færnimappa sem miðar að því að draga fram þá raunfærni sem einstaklingurinn hefur aflað sér í gegnum lífsferil sinn; starf, nám, félagsstörf, áhugamál og fjölskyldulíf. Lögð er áhersla á að ná yfir allt nám: formlegt, óformlegt og formlaust.

Framvísun formlegra gagna (t.d. prófskírteina, viðurkenningarskírteina) sýnir aðeins hluta þeirrar færni sem einstaklingurinn býr yfir. Að safna saman, draga fram og færa í orð þá óformlegu og formlausu færni sem hefur áunnist í gegnum hin ýmsu námstækifæri sem tengjast störfum, félagsstörfum, áhugamálum og fjölskyldulífi viðkomandi getur verið mikil kúnst. Það er ferli og reynsla sem er mikilvægur liður í undirbúningi einstaklingsins fyrir raunfærnimatið. Í því öðlast einstaklingurinn aukna vitund um færni sína og á auðveldara með að gera grein fyrir henni. Skráningarferlinu má skipta í tvo hluta:

a. Færniskráning

Færniskráningarform (eða færnimappa) er fyllt út. Þátttakendur koma saman í hópavinnu þar sem hver einstaklingur skráir færni sína í með aðstoð ráðgjafa. Byrjað er á því að fjalla um hugtakið færni í víðtæku samhengi. Gagnlegt getur verið að gera æfingar sem aðstoða einstaklinga við að draga fram starfsferil sinn og færni.

Einstaklingurinn færir færni sína í orð og safnar saman öllum gögnum henni til staðfestingar. Æskilegt er að vinna færniskráninguna í tölvu svo að textinn sé auðlesinn fyrir matsaðila. Í hópavinnunni þarf því að vera aðgengi að tölvum fyrir þátttakendur. Reynst hefur vel að þátttakendur geti hitt ráðgjafa aftur ef þeir hafa spurningar eða vilja meiri stuðning við færniskráninguna.

b. Sjálfsmat

Matslistar fagsins sem um ræðir eru fylltir út. Þátttakendur koma saman í hópvinnu þar sem hver einstaklingur vinnur að sínu sjálfsmati út frá þeim hæfniviðmiðum sem nota á í matinu (viðmið eftir námskrá eða hæfnigreiningu starfs). Matsaðili/matsaðilar þurfa að vera til staðar, ásamt ráðgjafa, til að leiðbeina og útskýra innihald áfanga / viðmiða og hugtök sem notuð eru. Þetta eru einnig þeirra fyrstu kynni af einstaklingunum sem eru í leið í raunfærnimat og liður í því að byggja undir gæði matsferilsins.

Hér fá matsaðilar einnig tækifæri til að átta sig á færni hvers og eins, sem er grunnurinn að ákvarðanatöku um í hvaða áföngum hver einstaklingur fer í raunfærnimat.

Hverjir: Ráðgjafi, matsaðili/aðilar

Stuðningsgögn í skráningarferlinu:

- Skilgreining á færnihugtakinu
- Æfingar sem miða að því að rifja upp náms- og starfsferil, draga fram færni, styrkleika og ýta undir jákvæða sjálfsmynd
- Færnisráningarform eða færnimappa
- Sjálfsmatslistar
- Námsbækur úr áföngum fagsins / starfslýsing
- Færnilýsingar úr faginu

Þarna var ég kominn inn í hóp manna sem voru allir í svipuðum aðstæðum og ég og þannig jafningjar mínir alveg pottþétt.... hópstuðningurinn, hann myndar alveg svona keppnisanda og ef einhver vor orðin þreyttur og farinn að slaka á þá greip nokkrum sinnum í þá og oft var gripið í mig og félagarnir að reyna að passa vel upp á hvern annan.

Tilvitnun í Birgi - úr MA ritgerð Auðar Sigurðardóttir *Að stíga skrefið í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*, 2010.

Skipulag matssamtala

Að skráningu lokinni þarf að fara yfir færniskráningu, sjálfsmat og staðfestingargögn einstaklinga í því skyni að ákveða í hvaða áföngum viðkomandi á möguleika á mati. Þetta ferli hefst strax í sjálfsmatinu, en matsaðilar þurfa að fara sérstaklega yfir gögnin að því loknu til að ákveða í hversu mörgum áföngum eða hæfnipáttum einstaklingurinn gæti látið reyna á mat í – eftir því ákvarðast fjöldi matssamtala hvers og eins. Sú ákvörðun byggir á því hvernig sjálfsmat einstaklingsins í hverjum áfanga fyrir sig kemur út. matsaðilarnir hafa þá fengið tækifæri til að öðlast innsýn í færni hvers þátttakanda, í þeim áföngum / viðmiðum sem þeir eru ábyrgir fyrir mati í, með því að vera til staðar og leiðbeina hópnum í síðari hluta færniskráningarferlisins – sjálfsmatinu.

Matsaðilar dreifa sér á viðtölin og tímasetja þau í yfirlitstöflu fyrir hvern einstakling. Verkefnisstjóri þarf að sjá til þess að útbúið sé yfirlit sem sýnir hvar og hvenær hver einstaklingur á að mæta í matssamtal. Allir þurfa að fá yfirlit yfir tímasetningu sinna samtala og veita samþykki sitt, því oft þurfa þátttakendur að leita eftir leyfi hjá vinnuveitanda sínum til að fá að fara af vinnustað.

Ákveða þarf fyrir fram hvar matssamtölin eiga að fara fram. Finna þarf stað þar sem gott næði er og gagnlegt er að hafa aðgengi að viðeigandi tækjum og tólum sem notuð eru í faginu / starfinu.

Hverjir: Matsaðili/aðilar í samráði við verkefnisstjóra/ráðgjafa



Umhverfi fyrir raunfærnimat?

3. Matssamtal

Í samtalinu koma matsaðili og þátttakandi saman og fara yfir færni í þeim áfanga/áföngum eða hæfnipáttum sem matsaðili hefur tekið að sér að meta.

Samtalið gengur út á að bera saman raunfærni einstaklingsins og hæfniviðmið í matslista, og komast að niðurstöðu um hvort hann uppfylli þá færni sem gerð er krafa um í áfanganum (t.d. 50% færni ef 5 er lágmarkseinkunn í námsáfanganum) **að fullu, að hluta, eða ekki**.

Ávallt skal hafa í huga að verið er að tala um sambærilega eða jafngilda færni, ekki nákvæmlega þá sömu og kemur út úr þjálfun nemenda í formlega skólakerfinu. Fjöldi eða lengd matssamtala fer eftir fjölda þeirra áfanga / þátta sem einstaklingurinn lætur reyna á mat í. Matsaðilar þurfa að skipta með sér áföngum í matssamtölum eftir því hvar þeirra kunnátta liggur.

Í þrettánda grein reglugerðar um framhaldsfræðslu er fjallað um greiningu og staðfestingu á færni: *Matsaðili/matsaðilar meta almenna og sértæka færni þátttakanda í samtali þar sem stuðst er við færnimöppu og sjálfsmatslista viðkomandi. Við raunfærnimat er gengið út frá viðmiðum starfsgreinar og byggt á fjölbreyttum aðferðum. Matsaðferðir miðast við þarfir þátttakanda.*

Mikilvægt er að matssamtölin fari fram í umhverfi sem hjálpar einstaklingnum að koma þekkingu sinni á framfæri. Sem dæmi um slíkt umhverfi er aðgangur að efnum og tækjum sem notuð eru í viðkomandi fagi, teikningar eða ljósmyndir til útskýringar. Matsaðili þarf að orða spurningar sínar til einstaklingsins á sem einfaldastan hátt og útskýra fræðileg hugtök eftir þörfum. Það getur líka skipt máli fyrir einstaklinga með ólíka nálgun viðfangsefna að hægt sé að setja fram spurningar á myndrænan máta – til útskýringar.



Ráðgjafi er stundum viðstaddur í þessum samtölum, til að veita stuðning í ferlinu og koma í veg fyrir vanmat eða ofmat. Það á sérstaklega við ef matsaðilinn eða einstaklingurinn hafa aldrei áður sinnt eða farið í matssamtal. Það er val einstaklingsins.



Að loknu matssamtali getur verið þörf á nánari eða ítarlegri staðfestingu á færni einstaklings, þ.e. fagaðilanum finnst þörf á að láta reyna betur á færni (ákveðin hæfnipátt eða þætti) áður en ákvörðun er tekin um stöðu einstaklingsins.

Þá er gerð áætlun í lok matssamtalsins þar sem fram kemur hvaða færni hafi verið metin að fullu, hvaða færni þurfi að staðfesta nánar og hvaða aðferðir eigi að nota við nánari staðfestingu (sýnishorn, verkleg staðfesting, annað viðtal).

Einstaklingurinn þarf einnig að fá tækifæri til að hafa áhrif á val matsaðferða, þannig að hann fái tækifæri til að sanna færni sína eftir þeirri leið sem hentar hans vinnulagi. Forðast skal hefðbundin próf, nema einstaklingurinn kjósi þá aðferð sérstaklega fram yfir aðrar. Mikilvægt er að gefa einstaklingnum skýra og uppbyggjandi endurgjöf um stöðuna að loknu matssamtali í hverjum áfanga / þætti.

Hverjir: Matsaðili, ráðgjafi (ef þörf er á)

Stuðningsgögn í matssamtali:

- Færnisráningarform einstaklingsins
 - Starfs- og námsferill, áhugamál og félagsstörf
 - Sjálfsmat einstaklingsins út frá matslistum
 - Matslisti með færnimarkmiðum áfangans
- Spurningar matsaðila um hvert hæfniviðmið
- Rissblöð og skriffæri, tafla
- Tæki og tól sem notuð eru í áfanganum / við verkþáttinn
- Námsbækur sem notaðar eru í áfanganum

Dæmi um aðferðir í raunfærnimati (staðfestingu á færni):

- Mat á færnisráningu/færnimöppu og sjálfsmati
- Munnlegt viðtal
- Verkefnalausn
- Sýnishorn af verki/verkefni
- Áhorf (á vinnustað eða í kennslurými)
- Raundæmi

Raundæmi

Notkun raundæma sem þátttakendur geta tengt við dagleg störf auðveldar alla greiningarvinnu. Þannig skapast grundvöllur fyrir samræður sem tengja saman færnipætti jafnvel úr ólíkum færnipáttum. Í dæminu hér fyrir neðan mætti til dæmis kanna þekkingu á sjókortum, hæfileika til að meta aðstæður, skipulagshæfileika og dómgreind.

Innsiglingin í Sandgerði


Hér að neðan er mynd af innsiglingunni í Sandgerði auk upplýsinga um veður og bátinn sem við notum í þessu dæmi.

Þú ert að koma að landi á handfærabátum, það hefur aflast ágætlega og þið erum með 900 kg. Þú gerir ráð fyrir að sigla inn eftir tvo tíma

- Út frá gögnunum sem hér koma fram, hvernig myndir þú haga innsiglingu í höfnina.
- Eru einhverjar upplýsingar sem þú verður að hafa til viðbótar þeim sem hér koma fram?
- Eru einhverjar upplýsingar sem væri æskilegt að hafa til viðbótar þessum?




Br. T. 4.11
Lengd: 7.82 m
Breidd: 2.17 m
Dýpt: 1.02 m



Kennialda [m]	Meðalsveiflutími [s]	Öldulengd [m]
4,4	7,3	84,1
4,6	7,5	87,8
4,1	7,1	78,9

Hér fyrir ofan eru upplýsingar frá Öldudufli við Garðskaga og til hliðar er vindspá Veðurstofu Íslands sem gildir fyrir þann tíma þegar innsigling er ráðgerð.

Í þessu verkefni er þér heimilt að nota utanaðkomandi upplýsingar og sækja þær í gegnum netið ef þú vilt



Undirbúningur matsaðila fyrir matssamtöl

Æskilegt er að matsaðilar í raunfærnimatsverkefni vinni með hver öðrum að því að ræða og skýra þau viðmið sem metið er á móti. Draga þarf fram spurningar fyrir hvern áfanga / hæfnipátt sem mæla helstu hæfniviðmið hans. Þá þarf að hafa átt sér stað greining á vægi hæfni – dregin fram þeir veigamestu. Þetta er farið yfir í þjálfun fagaðila hjá FA.

Gera þarf ráð fyrir að mögulega þurfi að umorða og styðjast við myndrænar lýsingar til þess að einstaklingurinn skilji örugglega það sem um er spurt. Matsaðilar þurfa að lesa færnimöppu hvers einstaklings fyrir matssamtalið og leggja mat á þau gögn sem þar er að finna. Mikilvægt er að skapa þægilegt umhverfi og andrúmsloft þar sem matssamtalið fer fram. Þannig má draga úr þeirri streitu sem einstaklingurinn upplifir í kringum matið. Varast skal að of margir matsaðilar séu að meta einstakling í matssamtali. Í flestum tilfellum er einn til tveir matsaðilar í matssamtali. Samstarf matsaðila ýtir undir samræmd vinnubrögð og áreiðanlegri niðurstöður.

Í matssamtalinu reynir á samskiptafærni og viðtalstækni matsaðilans. Hann þarf að vera fær um að rannsaka hvort einstaklingurinn býr yfir þeirri færni sem metið er á móti með því að laða fram styrkleika og færni hans. Það krefst m.a. virkrar hlustunar, jákvæðs viðhorfs gagnvart einstaklingnum og nærgætni.

Það skiptir verulegu máli að þeir sem sinna raunfærnimati hafi jákvæða sýn á þann grunn sem raunfærnimat byggir á; að nám sem fer fram utan hins formlega skólakerfis geti leitt til jafngildrar færni og nám innan þess.



Farið er nánar yfir færni matsaðilans í kaflanum um hlutverk og færni fagaðila.

Almenn færni matsaðilans:

- Jákvætt viðhorf gagnvart raunfærnimati
- Hlutleysi í mati
- Færni í viðtalstækni og samskiptum
- Færni í fjölbreyttum og uppbyggjandi matsaðferðum
- Viðeigandi fagleg þekking og færni



Aðferðir við mat á raunfærni

Þær aðferðir sem nýttar eru við mat á raunfærni eru í grunninn þær sömu og innan formlega skólakerfisins.

Í raunfærnimati þarf að nota fjölbreyttar aðferðir og beita þeim þannig að þær dragi fram færni einstaklings úr óformlegu og formlausu námi. Þau verkfæri sem valin eru þurfa að henta einstaklingnum og þjóna tilgangi matsins.



Nám sem fer fram í gegnum óformlega eða formlausa nálgun er aðallega frábrugðið formlegu námi hvað varðar samhengi námsins. Tækin sem notuð eru við mat eru í grunninn þau sömu, en þau þarf að aðlaga að því samhengi sem námið fór fram í (t.d. tímanum sem lagður var í námið). Þetta er mikilvægt að hafa í huga vegna þess að niðurstöður mats á óformlegu og formlausu námi (raunfærnimat) eru stundum álitnar minna virði heldur en mat á formlegu námi m.a. vegna þess að (a) annarskonar aðferðir eru notaðar, eða (b) aðferðir eru notaðar á óhefðbundinn hátt. (European Guidelines for the Valiation of Non-formal and Informal Learning, 2009).

Til eru mörg og fjölbreytileg verkfæri við mat á námi (burtséð frá því hvort námið hefur farið fram í formlegu, óformlegu eða formlausu samhengi). Þessi verkfæri fanga hvert fyrir sig ákveðna þætti færninnar sem um ræðir, t.d. mæla sum þeirra verklega færni en aðrar fræðilega þekkingu á mismunandi stigum. Líkt og í formlegu námi getur hver einstakur færniþáttur krafist fleiri en eins verkfæris, t.d. blöndu af skriflegum og verklegum verkefnalausnum.

Hæfniþættirnir sem um ræðir geta einnig krafist þess að verkfærin fangi ákveðnar áherslur; t.d. í gegnum verklega framkvæmd, með eftirlíkingum af raunverulegum aðstæðum (raundæmi), eða safni sýnishorna og staðfestinga á fyrri viðfangsefnum. Í formlegu námi tíðkast að velja ákveðin matstæki og leggja þau fyrir hóp nemenda. Þetta gerir það að verkum að erfitt er að aðlaga matstækið að þörfum ákveðinna hópa eða einstaklinga.

Val á matstækjum

Áður en matstæki er valið er mikilvægt að skoða hæfniviðmiðin sem á að meta. Eftirfarin atriði eru almennt viðurkennd atriði sem íhuga þarf í þessu samhengi:

- **Breidd þeirrar þekkingar og færni sem meta á**
- **Dýpt þeirrar færni sem krafist er**
- **Skilgreining á því hvaða upplýsingar eru nægjanlegar fyrir matsaðila til að ákveða niðurstöðu mats**
- **Tímalegt gildi þekkingar og færni (hvenær var hennar aflað?)**
- **Trúverðugleiki þeirra staðfestinga eða þeirrar færni sem einstaklingurinn setur fram**

Þegar námið / starfið sem meta á hefur verið skilgreint er hægt að fá betri sýn á hvaða mælitæki þjónar best tilgangi matsins.

- Lögmæti – tækið verður að mæla það sem því er ætlað að mæla.
- Áreiðanleiki - yrði niðurstaðan sú sama við endurtekið mat við sömu aðstæður?
- Sanngirni – hversu laus er niðurstaða matsins við hlutdrægni og fordóma (út frá samhengi, menningu og persónum).
- Vitræn umgjörð – gerir tækið fagaðilanum kleift að meta breidd og dýpt þeirrar færni sem einstaklingurinn býr yfir?
- Þjóni tilgangi - tryggja þarf að tilgangur matstækisins fari saman við það sem á að mæla.

Sjá nánari lýsingar í European Guidelines for the Validation of Non-formal and Informal Learning, 2009 og 2015. Munið einnig að í reglugerð kemur fram að matsaðferðir eigi að miðast við þarfir þátttakenda. Hafið þetta í huga við val og útfærslur.



4. Vottun og skráning

Í raunfærnimati á móti hæfniviðmiðum námskrár telst námsáfangi metinn þegar hann er bókaður í námsferilsskrá einstaklingsins (INNU) sem Metinn eða Staðinn. Reynsla annarra þjóða hefur sýnt að ekki sé ekki æskilegt að sérmerkja raunfærnimetna áfanga, slíkt getur ýtt undir fordóma. Þegar metið er á móti hæfnikröfum starfa er gefin út sérstök vottun (t.d. Fagbréf).

Í reglugerð um framhaldsfræðslu 1163/2011 er kveðið á um að skila skuli *niðurstöðum raunfærnimats til mennta- og menningarmálaráðuneytisins eða aðila sem það felur umsýslu verkefnisins og niðurstöður skráðar í gagnagrunn á vegum stjórnvalda. Með þeirri skráningu er óformlegt nám og starfsreynsla metið til jafns við formlegt nám. Fræðsluaðili sem annast mat á raunfærni skal geta rökstutt niðurstöðu sína með vísan til varðveittra gagna ef eftir er leitað.*

Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að *viðurkenndir fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skulu koma á laggirnar sérstökum stýrihópi sérfróðra aðila fyrir hverja námsgrein, námsleið, starfsgrein eða starfsgreinaflokk með þátttöku náms- og starfsráðgjafa, fagkennara og fagaðila úr atvinnulífinu. Hópurinn ber sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og/eða í skólakerfi óháð staðsetningu.*

Reglugerðin skýrir þó með afgerandi hætti hver ber ábyrgð á niðurstöðum og vísar veginn að því vinnulagi sem koma skal. Hlutverk og ábyrgð framkvæmdaaðila og stýrihóps er skýrt. Kröfur um stýrihóp eru til staðar og hann ber ábyrgð á réttmæti niðurstaðna.

Hverjir: Matsaðilar/aðili, fræðsluaðili/hagsmunaaðilar

Hlutverk og færni fagaðila

Fagaðilar eru þeir sem framkvæma raunfærnimatsferlið; verkefnastjórar, ráðgjafar og matsaðilar. Mikilvægt er að hver fagaðili sé meðvitaður um sitt hlutverk í heildarmyndinni og þá færni sem hann þarf að búa yfir til að geta sinnt hlutverki sínu af kostgæfni. Samkvæmt Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni skal forðast að hlutverk fagaðila skarist mikið. Þjálfun í raunfærnimati og virkni í eigin símenntun stuðlar að því.

Verkefnisstjóri

Meginhlutverk verkefnisstjóra er að skipuleggja og hafa umsjón með framkvæmd raunfærnimatsins. Í undirbúningsfasanum þarf hann að eiga náið samstarf við hagsmunaaðila í stýrihópi varðandi þann ramma sem settur er í verkefninu og ganga úr skugga um að allir séu sáttir við þær aðferðir sem notast á við sem og framgang mála. Þegar að raunfærnimatsferlinu kemur þarf hann að vinna með matsaðilum og ráðgjöfum að framkvæmd verksins og sjá til þess að allt gangi samkvæmt áætlun og að gæðaviðmiðum sé fylgt.

Verkefnisstjóri er valinn af þeim hagsmunaaðilum sem eiga þátt í að koma á verkefni í raunfærnimati. Hér má sjá samantekt á þeirri færni sem fagaðili í raunfærnimati þarf að búa yfir:

Fagleg færni

- Færni á sviði verkefnastjórnunar
- Reynsla og þekking á sviði fullorðinsfræðslu
- Innsýn í þarfir þess markhóps sem höfðað er til

Persónuleg færni (soft skills)

- Færni í samskiptum
- Styðjandi og uppbyggileg framkoma
- Vísýni og umburðarlyndi
- Jákvætt viðhorf gagnvart fyrirbærinu raunfærni og raunfærnimati
- Áhugi og vilji til að taka þátt í raunfærnimati sem verkefnisstjóri

Hlutverk verkefnisstjóra er að:

- Hafa umsjón með stýrihóps- og vinnuhópsfundum
- Stýra raunfærnimatsverkefninu í samráði við stýri- og vinnuhóp
 - Útbúa verkáætlun og fjárhagsáætlun
 - Sjá til þess að upplýsingaflæði sé virkt á milli aðila
 - Viðhalda eigin yfirsýn yfir stöðu mála
 - Leita lausna ef upp koma vandamál
 - Sjá til þess að verkþættir séu framkvæmdir og markmiðum náð á settum tíma
 - Hvetja og styðja aðila í verkefninu við framkvæmd verkþátta
- Fylgja Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni og EQM gæðaviðmiðum í ferlinu
- **Sjá gátlista fyrir verkefnisstjóra á vef FA**

Ráðgjafi

Meginhlutverk ráðgjafans er að leiðbeina og styðja einstaklinginn í raunfærnimatsferlinu. Í tilraunaverkefnum hefur það sýnt sig skipta verulegu máli að þátttakendur fái einstaklingsmiðaða ráðgjöf þar sem unnið er markvisst að því að veita hvatningu og stuðning í gegnum raunfærnimatsferlið, sem og í kjölfar matsins. Reynslan hefur sýnt að aðgengi að náms- og starfsráðgjöf sé mikilvægt – hversu mikið er mismunandi á milli þátttakenda.

Mikilvægt er að ráðgjafar, líkt og matsaðilar, hafi jákvætt viðhorf til raunfærnimats, búi yfir mikilli samskiptafærni og séu færir um að veita hlutlausa og einstaklingsmiðaða ráðgjöf um færniuppbyggingu almennt. Þeir þurfa að hafa þekkingu á færnimöppugerð (portfolio), því færniskráningarferlið er grunnurinn að matinu. Ráðgjafinn þarf einnig að hafa innsýn í fjölbreytileika námstækifæra í samfélaginu. Til að geta sinnt hlutverki sínu sem stuðningsaðili einstaklings í raunfærnimatsferlinu, þarf hann að varast skörun við hlutverk annarra fagaðila.

Val á ráðgjöfum fer fram í stýrihópi raunfærnimatsverkefna í gegnum samráð og samþykki þeirra hagsmunaaðila sem þar sitja. Hér má sjá samantekt á þeirri færni sem ráðgjafi í raunfærnimati þarf að búa yfir:

Fagleg færni

- Vald á samtalstækni sem hentar þeim aðstæðum sem um ræðir
- Færni í að velja aðferðir í ráðgjöf sem eru viðeigandi fyrir þær aðstæður og þann/pá einstaklinga sem um ræðir
- Getur sett sig í spor viðmælanda
- Færni í virkri hlustun
- Þekking á færnimöppugerð (portfolios)
- Færni í að draga fram það sem er ótjáð, þannig að einstaklingurinn öðlist sjálfur færni í að tjá sig og lýsa þekkingu sinni og færni

- Færni í að leiðbeina einstaklingum við að draga fram og skilgreina markmið varðandi færniuppbyggingu sína, styrkja sjálfsmynd sína og greina gildi sín
- Skilningur á þeim færniþætti sem notuð eru í raunfærnimati
- Þekking á fjölbreyttum námsleiðum

Persónuleg færni (soft skills)

- Færni í samskiptum, sérstaklega hvað varðar virka hlustun, viðtalstækni og að veita endurgjöf
- Styðjandi og uppbyggileg framkoma
- Vísýni og umburðarlyndi
- Jákvætt viðhorf gagnvart fyrirbærinu raunfærni og raunfærnimati
- Áhugi og vilji til að taka þátt í raunfærnimati sem ráðgjafi

Hlutverk ráðgjafa er að:

- Koma að upplýsingagjöf í upphafi ferlis
 - Veita skimunarviðtöl í kjölfar kynningarfundar
 - Leiðbeina við skráningu á raunfærni einstaklingsins
 - Fara yfir gögn, ræðir þætti eins og styrkleika, námsnálgun, námsmarkmið, aðstæður, hindranir og veitir hvatningu og stuðning
 - Veita einstaklingsviðtöl eftir þörfum í ferlinu og er talsmaður einstaklingsins eftir þörfum
 - Veita einstaklingnum stuðning í greiningarsamtölum ef þörf er á
 - Veita einstaklingsmiðaða ráðgjöf í kjölfar raunfærnimats varðandi áframhaldandi færniuppbyggingu
 - Kynna hvaða menntun eða þjálfun er í boði, hvar hún fer fram, kostnað við hana og forkröfur
 - Hvetja einstaklinginn til að setja sér markmið og skipuleggja frekara nám eða þjálfun
 - Bjóða upp á tíma til eftirfylgni
 - Fylgja Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni og EQM gæðaviðmiðum í ferlinu
-
- **Sjá gátlista ráðgjafa á vef FA**

Hún var sko alltaf, þegar maður hringdi þá var hún alltaf tilbúin að hjálpa... Hún hringdi alltaf í mann og sendi manni tölvupóst... hún virtist alveg fylgjast með manni.

Tilvitnun í Einar - úr MA ritgerð Auðar Sigurðardóttir, *Að stíga skrefið í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*, 2010.

Matsaðili

Matsaðili er sérfræðingur á því fagsviði sem raunfærnimatið er í. Flestir matsaðilar sem tekið hafa þátt í tilraunaverkefnum á sviði raunfærnimats hér á landi hafa verið kennarar í framhaldsskóla, en einnig eru dæmi um fagaðila úr atvinnulífinu. Þeir þurfa til viðbótar við faglega færni að hafa jákvætt viðhorf til raunfærnimats, búa yfir mikilli samskiptafærni og hafa reynslu af og þekkingu á fjölbreyttum matsaðferðum og kennslu/þjálfun. Val á matsaðilum fer fram í stýrihópi raunfærnimatsverkefna í gegnum samráð og samþykki þeirra hagsmunaaðila sem þar sitja. Hér má sjá samantekt á þeirri færni sem matsaðili í raunfærnimati þarf að búa yfir:

Fagleg færni

- Grunnfærni fyrir það samhengi sem matið á sér stað í (faggrein, fullorðinsfræðsla)
- Lágmarks reynsla í viðkomandi fagi (skilgreint af hagsmunaaðilum í stýrihópi)
- Þekking á þeim færniþætti sem notuð verða í raunfærnimatinu
- Færni í notkun fjölbreyttra matsaðferða
- Virkni í símenntun tengdri faginu

Persónuleg færni (soft skills)

- Færni í samskiptum, sérstaklega hvað varðar virka hlustun, viðtalstækni og að veita endurgjöf
- Styðjandi og uppbyggileg framkoma
- Vísýni og umburðalyndi
- Jákvætt viðhorf gagnvart fyrirbærinu raunfærni og raunfærnimati
- Áhugi og vilji til að taka þátt í raunfærnimati sem fagaðili

Hlutverk matsaðila er að:

- Útbúa matsgögn, tæki og aðferðir sem byggja á settum viðmiðum/námskrá
- Koma að skipulagi raunfærnimats ásamt öðrum fagaðilum
- Veita upplýsingar í upphafi ferlis (kynningarfundur)
- Leiðbeina þátttakendum við sjálfsmat
- Fara yfir færnisráningu og sjálfsmat þátttakenda (í þeim áföngum eða þáttum sem matsaðili er ábyrgur fyrir) og taka þátt í skipulagi matssamtala
- Leggja megináherslu á hlutleysi, lögmæti og sanngirni í matsferlinu
- Stýra matssamtölum í sínum áfanga/áföngum
- Stýra staðfestingarferlinu með áherslu á fjölbreyttar matsaðferðir
- Veita þátttakendum endurgjöf á stöðu sína á skýran og uppbyggilega hátt
- Skrá niðurstöður raunfærnimats úr hverjum áfanga samkvæmt kerfi fræðsluaðila
- Fylgja Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni og almennum gæðaviðmiðum í ferlinu
- **Sjá gátlista fyrir matsaðila á vef FA**

Matsaðili er sá sem er fær um að meta færni í ákveðnum hæfnipáttum og er samþykktur af hagsmunaaðilum.

Ég var svolítið stressaður þegar ég sat fyrr framan kennarana og þeir voru að spyrja mig út úr, þetta var bara kvíði... bara aðallega að geta ekki svarað spurningunum **þó að ég vissi að ég gæti allt...**samt, þú veist að svara vitlaust eða ég held að það hafi verið aðalmálið.

Tilvitnun í Sverri - úr MA ritgerð Auðar Sigurðardóttir, *Að stíga skrefið í nám á nýjan leik að loknu raunfærnimati*, 2010

Hlutverk hagsmunaaðila



Til þess að unnt sé að ná tilsettum árangri og niðurstöðum með matinu, er nauðsynlegt að allir hagsmunaaðilar séu hliðhollir skipulagi þess og aðferðum. Í raunfærnimatsverkefnum er því mikilvægt að kalla saman í stýrihóp lykilpersónur þess fags sem um ræðir. Þessa hópa mynda fulltrúar frá t.d. atvinnurekendum, fagfélögum, stéttarfélögum, skólum, fræðslumiðstöðvum, starfsgreinaráði o.fl. Hlutverk stýrihópsins er meðal annars að samþykkja þau hæfniviðmið (unna matslista) sem metið verður út frá og leggja sitt af mörkum við skipulag og gæði verkefnisins, m.a. með aðkomu að vali á matsaðilum og samþykki niðurstaðna. Virk þátttaka stýrihóps eykur trúverðugleika matsferlisins og gildi þess í samfélaginu. Þátttaka lykilaðila er einnig forsenda þess að raunfærnimat nái að þróast áfram og verði aðgengilegt fleiri einstaklingum.

Hlutverk hagsmunaaðila er að:

- Koma að verkefnum á fyrstu stigum þeirra og hafa áhrif á mótun og stjórnun
- Koma sér saman um færniviðmið sem notuð verða í samráði við fagaðila
- Sjá til þess að réttur einstaklingsins sé virtur
- Sjá til þess að einstaklingurinn fái viðeigandi ráðgjöf
- Tryggja að mat á námi sé lögmætt og gilt í samfélaginu
- Fylgja Evrópskum leiðbeiningum um mat á raunfærni og EQM gæðaviðmiðum í ferlinu

Gæðamál

Mikilvægt er að raunfærnimat sé framkvæmt eftir samræmdri aðferðafræði sem byggir á reynslu og samráði hagsmunaaðila. Það ýtir undir gæði og traust í garð raunfærnimats. Þessi leiðarvísir lýsir þáttum sem stuðla að gæðum í ferlinu. Jafnframt lýsa [Gæðaviðmið EQM](#) þeim lágmarkskröfum sem settar eru fram fyrir framkvæmdaaðila í raunfærnimati á vettvangi framhaldsfræðslunnar. Evrópskar leiðbeiningar um raunfærnimat skýra nánar þau atriði sem hafa þarf í huga í upphafi verkefna og meðan á þeim stendur.

Grundvallaratriði í raunfærnimati:

- Þátttaka í raunfærnimati er ávallt valkvæð
- Einkalíf og réttur einstaklingsins skal ávallt virtur
- Tryggja skal jafnt aðgengi og sanngjarna meðhöndlun
- Hafa skal hagsmunaaðila með í ráðum við skipulagningu raunfærnimats
- Í raunfærnimatsferlum skal einstaklingum boðið upp á leiðsögn og ráðgjöf
- Í raunfærnimatsferlum skal unnið samkvæmt gæðaviðmiðum
- Raunfærnimatsferlið, verkferli og viðmið skulu vera sanngjörn, gagnsæ og byggð á gæðaviðmiðum
- Í raunfærnimatsferlum skulu hagsmunir viðeigandi aðila virtir og séð til þess að allir lykilhagsmunaaðilar séu hafðir með í ráðum (jafnvægi)
- Í raunfærnimatsferlinu skal hlutleysis gætt og komið í veg fyrir hagsmunaárekstra
- Tryggja skal faglega færni þeirra sem framkvæma matið

Gæði aðferðafræðinnar

Nám sem fer fram utan hins formlega skólakerfis er oft á tíðum ekki formfast eða fyrirsjáanlegt. Niðurstöður náms af þessum toga (óformlegt og formlaust) geta verið afar fjölbreytilegar. Aðferðafræðin og verkfærin sem notuð eru við mat á slíkri færni þurfa því að vera aðlagðar að þessum einkennum námsins.

Skráning á færni í færnimöppu (portfolio) hefur gefið góða raun þar sem um er að ræða ferli þar sem nám er dregið fram og því lýst.



Einnig hafa áhorf og raundæmi gagnast vel við mat á óformlegu og formlausu námi og gefist mun betur en hefðbundin próf. Almennt séð er nauðsynlegt að beita sveigjanlegri matsaðferðum í raunfærnimati og því mikilvægt að fagaðilar hafi jákvætt viðhorf gagnvart slíku mati (European Guidelines for the Validation of Non-formal and Informal Learning, 2015).

Eftirfarandi þætti þarf að hafa í huga til að tryggja megí gæði aðferðafræði í raunfærnimati:

- **Áreiðanleiki:**
 - Yrði niðurstaðan sú sama við endurtekið mat við sömu aðstæður?
- **Lögmæti/gildi:**
 - Er það nám (sú færni) sem verið er að meta, það nám (sú færni) sem ætlunin er að meta?
- **Öryggi og trúnaður:**
 - Er séð til þess að þátttakendur verði ekki fyrir ranglæti eða ósanngirni í ferlinu?
- **Viðmið:**
 - Eru viðmiðin vel skilgreind hvað varðar innihald og stig?
- **Varanleiki:**
 - Er nægt fjármagn til að ljúka raunfærnimatinu á þeim tíma sem það krefst?
- **Sýnileiki og gagnsæi:**
 - Ríkir skilningur á raunfærnimatsferlinu og leiðir það til aukinnar viðurkenningar á því námi sem þátttakandinn hefur í farteskinu?
- **Tilgangur:**
 - Endurspeglar raunfærnimatsferlið aðstæður og áætlanir þátttakandans?
- **Kostnaðarvænt:**
 - Er hægt að hagræða ferlinu þannig að ávinningur (persónulegur og fjárhagslegur) sé hámarkaður í hlutfalli við kostnað ferlisins?

Lokaorð

Raunfærnimat er í mikilli þróun hér á landi og hefur að baki laga- og reglugerðarstoð. Í ferlinu er einstaklingurinn í brennidepli, þar sem fagaðilar aðstoða hann við að greina raunfærni sína, sjá um að meta hana út frá settum viðmiðum samkvæmt áreiðanlegri aðferðafræði og votta hana að lokum í samráði við viðeigandi hagsmunaaðila.

Trúverðugleiki raunfærnimatsferlisins felst í gæðum þess. Því er mikilvægt að hafa alla hagsmunaaðila með í ráðum og hlúa að öflugum samstarfi um þróun þess. Færni fagaðila er mikilvægur liður hvað varðar gæði raunfærnimatsferlisins. Virk símenntun fagaðila og samráð þeirra á milli er því forsenda samræmis og framþróunar.

Heimildir

Anderson, P., Sjösten, N.Å., Ahn S.E. 2003. Att värdera kunskap, erfarenhet och kompetens – perspektiv på validering. Myndigheten för Skolutveckling. Lenanders Grafiska AB, Kalmar.

Cooperation for the Recognition, Evaluation and Accreditation of Competences (CREAC). 2006-2008. Leonardo da Vinci tilraunaverkefni styrkt af Evrópusambandinu. www.creacproject.org

European principles on identifying and validating non-formal and informal learning. European Council, 2004.

European Guidelines for the Validation of Non-formal and Informal Learning, 2009. CEDEFOP.

European Guidelines for the Validation of Non-formal and Informal Learning, 2015. CEDEFOP.

Evrópskar leiðbeiningar um raunfærnimat. 2006. Þýddar á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. www.frae.is

Raunfærni-Raunfærnimat. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. <http://frae.is/raunfaerni/>

Ringström, A.C. 2005. Rapport: Vägledning i validering, tankar om kvalitetssäkring, kompetens och krav. Valideringsdelegationens kansli.

Towards a European Qualification System in Lifelong Learning, Commission of the European Communities, 2005. Evrópusambandið.

Tursell, A. 2005. Validering i Centrum i Göteborg och Malmö. Valideringscentrum i Göteborgsregionen, Valideringscentrum Malmö Stad.

Value of Work (VOW). 2005-2007. Leonardo de Vinci tilraunaverkefni styrkt af Evrópusambandinu. www.valueofwork.org

Lög um framhaldsskóla 92/2008

Lög um framhaldsfræðslu 27/2010

Reglugerð um framhaldsfræðslu 1163/2011